

# Lög

## um breytingu á lögum um Barna- og fjölskyldustofu og lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (flutningur starfsmanna).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um Barna- og fjölskyldustofu, nr. 87/2021.

##### 1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Starfsmenn Barnaverndarstofu sem eru í starfi við gildistöku laga þessara verða starfsmenn hjá Barna- og fjölskyldustofu með sömu ráðningarkjörum. Um rétt starfsmanna til starfa hjá Barna- og fjölskyldustofu fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021.

##### 2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Starfsmenn ráðuneytisstofnunarinnar Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar, aðrir en þeir sem fara með verkefni samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, sem eru í starfi við gildistöku laga þessara verða starfsmenn hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála með sömu ráðningarkjörum. Um rétt starfsmanna til starfa hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

2

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 28. desember 2021.*